

prestakalls og Sauðaness prestakalls, sem prestaköll þessi nú sem stendur vantar; og

1866.
14. maí.

- 2) hvort að hann (séra Björn) og presturinn að Sauðanesi, ef þeim yrði gjört að skyldu að útvega bólusetningarbækur til prestakalla sinna, megi þó ekki fá það, sem þær kosta, greidd úr jafnaðarsjóði amtsins, án þess að þeir fyrirfram sendi amtmanni kvittun.

Eptir að dómsmálastjórnin nú hefir fengið bréf yðar, herra amtmáður, dagsett 27. janúarmán. þ. á., þar sem þér meðal annars hafið tekið fram, að það hafi æfinlega verið regla í norður- og austuramtinu, að hlutaðeigandi prestar hafi sjálfir útvegað bólusetningarbækurnar, og að yðar hyggju verði ekki leidd þessu gagnstæð regla af ákvörðuninni í 5. gr. konungsbréfsins 18. júlímán. 1821, þar það einasta geti álitizt að hafa haft fyrir augum fyrstu bækurnar, sem átti að senda prestunum, og við þetta bætist, að konungsbréf 24. marzmán. 1830 5. gr. ákveður einungis, að það eigi að borga kostnaðinn við að útvega bækur þessar úr opinberum sjóði — skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörið það og gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að samkvæmt ákvörðuninni, sem áður var nefnd, í 5. gr. konungsbréfsins 18. júlímán. 1821, sem ekki verður tekin í þeim einskorðaða skilningi, sem þér hafið vikið á, er það skylda amtsins að útvega bækur þessar og senda prestunum þær löggiltar. Þegar svo er, kemur hin spurningin, sem Björn prófastur Halldórsson hefir borið upp, ekki til greina.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um að krefjast lestagjalds og sekta af skipi, er formaður þess hafði brotið á móti verzlunarlögnum.

18. maí.

Dómsmálastjórnin hefir fengið frá amtmanninum yfir vesturum-

1866.
18. maí.

dæminu eptirrit á dönsku, er fylgir með bréfi þessu, af réttarprófi, sem sýslumaðurinn í Ísafjarðar sýslu hefir balið, um að P. Boon, skipstjóri á skipinu Dankbaarheid fra Vlaardingen í Hollandi, hafi verzlað þar á móti lögum. Með prófinu er það sannað, að skipstjórnamaður þessi einkum hafi verzlað við menn úr tveim hreppum við Dýrafjörð, þar sem hann hafi selt þeim ymsan kaupvarning, og keypt aptur af þeim íslenzkar vörur, einkum vetlinga og sokka.

Jafnvel þó að ætla megi, að skipstjórinn ekki hafi haft neitt mikinn kaupskap við landsmenn, hefir hann þó, eptir því sem sannast hefir, verzlað svo mikið, að hann hefir framið þrjú lagabrot á íslenzku verzlunarlögunum, þar sem hann hefir verzlað í fyrsta lagi án þess að koma við á neinni af höfnum þeim, sem nefndar eru í 2. gr. laganna 15. aprílmán. 1854, í öðru lagi utan hinna löggiltu verzlunarstaða, þó að skilmálar þeir, sem settir eru í opnu bréfi 19. maímán. 1854, ekki ættu sér stað, og í þriðja lagi án þess að hafa keypt íslenzkt leiðarbréf.

Útaf þessu leyfir dómsmálastjórnin sér að snúa sér til utanríkisstjórnarinnar með þeim tilmælum, að utanríkisstjórnin hlutist um, að krafist sé af útgjörðarmönnum skipsins eða skipstjóranum: í fyrsta lagi lestagjalds þess, sem á kveðið er í lögum 15. aprílmán. 1854 6. gr. smbr. 4. gr., 2 rd. af hverri lest, en það er sagt að skipið sé 51 dönsk lest, og í öðru lagi sekta fyrir lagabrotið, og finnst dómsmálastjórninni hæfilegt að setja þær á 50 rd., smbr. lögin frá 15. aprílmán. 1854 9. gr.¹

¹) Útgjörðarmenn skipsins hafa borgað bæði lestagjaldið og sektina.